

# 294. fundur Skólanefndar FS

## 10. mars 2009



**Mættir:** Kristbjörn Albertsson formaður, Ingimundur Þ. Guðnason, Oddný Harðardóttir, Hjálmar Árnason, Fanney D. Halldórsdóttir, áheyrnarfulltrúarnir Ægir Karl Ægisson og Guðni Oddur Jónsson og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

**Dagskrá:**

1. Fundur í ráðuneyti.
2. Staða mála.
3. Önnur mál.

### 1. Fundur í ráðuneyti.

Skólameistari sagði frá fundi með ráðuneytismönnum. Þar kom fram að ekki er líklegt að skólinn fái fleiri nemendaígildi og taka verður tillit til þess við innritun. Búið er að skila skólaskýrslu og verið er að vinna að skólasamningi til næstu þriggja ára. Þá sagði skólameistari frá hugmyndum um nýjar námsbrautir. Rætt um samráð við Keili og Miðstöð símenntunar varðandi nýjar námsbrautir þannig að ekki sé verið að bjóða upp á sama nám á mörgum stöðum.

### 2. Staða mála.

Skólameistari sagði frá stöðu mála varðandi fjármál og stöðu skólans að öðru leyti.

### 3. Önnur mál.


- a) Spurt um Íþróttakademíu. Braut fyrir afreksíþróttamenn lagðist af en verið að skoða samstarf við Keili sem hefur tekið yfir starfsemi akademíunnar.
- b) Skólameistari sagði frá umræðu um einelti en það var sérstaklega tekið fyrir á umsjónarfundum og þá var útbúinn bæklingur sem dreift var til til nemenda.
- c) Rætt um reykingar en ágætlega hefur gengið að banna reykingar í skólanum og á skólalóðinni.
- d) Rætt um Virkjun sem er miðstöð fyrir atvinnulausa en skólinn tekur þátt í henni.
- e) Rætt um inntökuskilyrði en þau hafa breyst vegna þess að ekki er lengur hægt að miða við samræmd próf.

f) Þemadagar voru 25.-27. febrúar og tókust mjög vel. Þemað var útivist og hreyfing. Nemendafélagið sýnir nú söngleikinn Sódómu og keppni í Morfís er framundan.

g) Ráðuneytið gerði nýlega úttekt á sjálfsmatskerfi skólans og fékk það mjög jákvæða umsögn.

h) Nemandi skólans, Sigtryggur Kjartansson, er kominn í úrslit í landskeppnum bæði í eðlisfræði og efnafræði.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

  
Guðmann Kristþórsson,  
fundarritari